**Ed.** **64. Breytingartillaga** [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá Braga Sigurjónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni.

Í frumvarpið bætist ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:

2. gr. laganna, síðasta málsgr. orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf fólks, sem er 67 ára og eldra, og líkamlega fatlaðra, vangefinna og þroskaheftra, svo að metið sé til 60% örorku eða meira af Tryggingastofnun ríkisins. Enn fremur laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Sama gildir um vinnulaun vegna jarðræktar- og byggingarframkvæmda á bújörðum.